

**Fundur í framkvæmdaráði sameiningarnefndar A-Hún., þ.e. oddvitar sveitarfélaganna, ásamt sveitarsjórum sveitarfélaganna, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar og Skagastrandar.**

Fundurinn hófst kl 15:00-

**Mætt voru:** Jón Gíslason, formaður, Einar K Jónsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór G Ólafsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Valdimar O Hermannsson og Dagný Úlfarsdóttir.

**Gestir voru:** Róbert Ragnarsson, og Jón Hrói Finnsson, frá RR Ráðgjöf.

Jón Gíslason setti fund, bauð gesti velkomna, og lagði til að Valdimar myndi rita fundargerð. Síðan gaf Róbert orðið til innleiðingar dagskrá fundarins, sem var að taka stöðu á sameiningarviðræðum í A-Hún.

Eftir kynningu fundarmanna þá fór Róbert Ragnarsson yfir stöðu málsins, og sagði frá reynslu þeirra að sameiningarviðræðum sveitarfélaga, á undanförnum árum. Þá var farið þau lög og reglur sem gilda um sameiningar, framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, við könnunarviðræður og síðan formlegar sameiningar sveitarfélaganna. Þá var farið yfir mögulegar "Tímalínur og vörður" sem gætu verið við vinnulag frá febrúar/mars 2020 til júní 2022, eða með önnur tímamörk sem sameiningarnefndin myndi ákveða á næstunni. **Kynningin var byggð á eftirfarandi punktum sem var farið nánar í, hvern fyrir sig:**

- Ákvörðun
- Undirbúningur
- Kynning
- Kosningar
- Innleiðing
- Gildistaka

Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga taka ákvörðun um að kanna möguleika á sameiningu, og fela samstarfsnefnd að vinna að málinu, með ráðgjöfum. Þarf að afgreiða formlega í öllum sveitarstjórnunum.

Farið var yfir hlutverk samstarfs/sameiningarnefndar, og hvað þyrfti að taka tillit til í undirbúningsvinnu.

Rætt um mikilvægi jákvæðrar kynningar og almannatengsla í verkefninu, og allar áherslur aðila út á við.

Að lokum var farið yfir hlutverk ráðgjafa, verkefnastjórnar, og samskipti við Jöfnunarsjóð, ráðuneyti ofl.

Þá var einnig rætt um stöðumat, framtíðarýn, fyrirkomulag íbúafunda og skipan starfshópa um áherslur. Í lok kynningar voru almennar umræður um mögulegar útfærslur og áherslur í vinnu hópsins á næstunni. Ráðgjafar munu taka sama minnisblað, eftir fundinn, og senda á formann, með tillögu um framhaldið.

**Með fundargerðinni fylgir sú kynning (glærur) sem kynnt var á fundinum.** Fundi slitið kl: 17:00-